

Fundargerð.
Stjórnarfundur nr. 112.

Stjórnarfundur Norðurá bs., haldinn í Bjarmanesi á Skagaströnd, þriðjudaginn 19. september kl. 16.00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Sveinn F. Úlfarsson, Hrefna Jóhannesdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Snorri Finnlaugsson og Pétur Arason. Einnig sat fundinn Elvar Bjarki Gíslason, verkstjóri hjá Norðurá bs. Þórhallur Bjarnason frá JT Consulting og Þórarinn Kristjánsson sátu undir lið 1. Hrefna Jóhannesdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Kynning JT Consulting Engineers
2. Fundargerðir stjórnarfundar nr. 111
3. Staða framkvæmda við stækkun hólfs
4. Kornþurrkunarverkefni
5. Staða og horfur í rekstri
6. Önnur mál

Fundargerð:

1. Kynning JT Consulting Engineers

Þórhallur Bjarnason kynnti möguleika á afurðavinnslu úr ólífrænum úrgangi. Áhersla yrði lögð á framleiðslu vetnisberandi afurða (eldsneytis) sem nýtast fyrir þungavinnuvélar, skip og önnur orkufrek tæki.

Ólífrænum úrgangi, ásamt hjólbörðum, gúmmí og úrgangsplasti sem til fellur, yrði safnað til framleiðslu á hreinu vetni og hrágasi. Vinnsluferlið byggir á einkaleyfisverndaðri tæknilausn sem yrði hönnuð og útfærð í samstarfi við ástralskt fyrirtæki, [Wildfire energy](#), sem er rétthafi tækninnar.

JTC einbeitir sér fyrst og fremst að ólífrænum úrgangi og sér tækifæri í þessu magni sem til fellur við núverandi sorpurðun á Norðurlandi öllu. Áðurnefndir ástralskir samstarfsaðilar telja að lágmarksumfang ólífræns úrgangs sé 10.000 tonn fyrir forsmíðaða vinnslueiningu (framleiðslueiningu), eða helmingurinn af því sem verið er að urða hér. 10 þúsund tonn af úrgangi myndu gefa um 300 tonn af vetni, sem viðmiðunargildi. Fram kom í máli stjórnarmanna og starfsmanns Norðurár bs. að af rúmlega 20 tonnum sem urðar er um þessar mundir í Stekkjarvík, gæti nýtanlegur úrgangur í slíka framleiðslu verið um 10 þúsund tonn.

Stjórn Norðurár telur mikilvægt að skoða hvernig nýta megi þennan úrgang sem fellur til urðunar í Stekkjarvík og tekur jákvætt í að skoða málið áfram með JT Consulting.

2. Fundargerðir stjórnarfundar nr. 111

Fundargerð stjórnarfundar nr. 111, undirrituð og samþykkt formlega.

3. Staða framkvæmda við stækkun hólfs

Framkvæmdir ganga ágætlega. Miðað við stöðuna á magntölum í uppgreftri (verkhloti tilfærsla efnis), má reikna með kostnaðarauka varðandi þennan verklið bæði vegna tilfærslu þar sem aukið magn er á verklið með hærri einingaverð og við uppmælingu kom í ljós magnaukning í tilfærslu efnis.

4. Kornþurrkunarverkefni

Lögð fram skýrsla frá Eflu hf, dagssett 14.09.2023, um fýsileika kornþurrkunar í Stekkjarvík. Ársframleiðsla metans stendur vel undir þurrkun á 1.000 og jafnvel 2.000 tonnum af korni sem jafngildir núverandi framleiðslu á Norðurlandi vestra.

Skýrslan sýnir að þetta er tæknilega hægt. Magnúsi falið að hafa samband við RML til þess að athuga hvort það sé áhugi fyrir hendi meðal kornbænda á svæðinu.

Jafnframt var Elvari Bjarka falið að kanna sölumöguleika á metangasi frá Stekkjarvík.

5. Staða og horfur í rekstri

Elvar Bjarki Gíslason fór yfir stöðu og horfur í rekstri.

Þann 18. september voru komin um 15.200 tonn af sorpi til urðunar í Stekkjarvík. Horfur eru á heildarmagn til urðunar verði 10-15% hærra á árinu í ár miðað við í fyrra. Sú aukning er m.a. fólgin í aukningu á sorpi frá skemmtiferðaskipunum, sem kemur flokkað og baggað frá skipunum en fer beint í urðun.

Elvar Bjarki fær umboð stjórnar til þess að kanna hvort Norðurá sé heimilt að neita að taka við flokkuðum úrgangi til urðunar.

Eftirfarandi verk hafa verið unnin frá 111. stjórnarfundi, 22. júní sl.:

- Undirbúningur og eftirlit framkvæmda

Vel gekk að undirbúa svæðið fyrir framkvæmdir og færsla á rafstreng gekk einnig vel. Samstarf við verktaka gengur einstaklega vel og öll samvinna varðandi daglegan rekstur og áhrifa á framkvæmda á hann algjörlega til fyrirmyndar.

- Eftirlit Heilbrigðiseftirlits NV

Heilbrigðiseftirlit NV kom í reglubundið hausteftirlit og mælingar í byrjun september. Engar stórar ábendingar voru gerðar á meðan á eftirliti stóð en beðið er eftir niðurstöðu sýna og skýrslu. Umræður fóru fram við heilbrigðiseftirlitið um þvottaaðstöðu fyrir sláturgáma og einnig rætt um breytt fyrirkomulag boðunar eftirlits af hálfu UST við reglubundið eftirlit.



- Undirbúningur klæðningar

Unnið að mælingu og ákvörðun um magn klæðningar og gert mat á hvað þarf að vinna undir klæðningar. Reiknað með framkvæmdum í september.

- Mat á girðingum

Allar girðingar um svæðið voru yfirfarnar í sumar og metnar með tilliti til ástands. Ástand girðingar var almennt nokkuð gott, verst var farin girðing sem nú er búið að taka niður vegna framkvæmda. Áætlað að fara í endurnýjun á girðingu á tveimur köflum vorið 2024.

- Samstarf Norðurár bs. og ríkislögreglustjóra

Sérsvait ríkislögreglustjóra ásamt Lögreglunni á Norðurlandi eystra leitaði snemma sumars eftir aðstoð við að eyða skotfærum, gekk það mjög vel.

Nú snemma í haust óskuðu þeir aftur eftir aðstoð með mjög skömmum fyrirvara til eyðinga á skotfærum. Þeir eru mjög þakklátir fyrir gott samstarf og hvað undirbúningur sé góður áður en þeir koma.

- Staða tækja

Staða tækja er nokkuð góð heilt yfir. En ljóst er að brýn þörf er á endurnýjun hjólaskóflu. Önnur tæki eru í góðu ásigkomulagi og ekki talin þörf á endurnýjun á traktorsgröfu þar sem beltavél og velútbúinn hjólaskófla gæti leyst hana alveg af hólmi. Elvar Bjarki fór yfir önnur tilfallandi verkefni.

Magnús fór yfir fjárhagsyfirlit fyrstu 8 mánuði ársins. Reksturinn er samkvæmt áætlun.

6. Önnur mál

Elvar Bjarki óskaði eftir heimild stjórnar til þess að gera skilti til þess að stýra aðgangi inn á urðunarsvæðið en borið hefur á óheimilli umferð um svæðið. Stjórn Norðurár styður aðgangsstýringu að svæðinu og felur Elvari að ganga í málið.

Fundi slitið kl 18.15

Hrefna Jóhannesdóttir

Sveinn F. Úlfarsson

Magnús B. Jónsson

Snorri Finnlaugsson

Pétur Arason

Elvar B. Gíslason